

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 2013 í máli nr. S-230/2013:

### Ákærvaldið

*(Einar Laxness aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

### Sigfúsi Sturlusyni

*(Valgeir Kristinsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 10. september sl., er höfðað af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 26. mars 2013 á hendur Sigfúsi Sturlusyni, kt. 000000-0000, til heimils að Blöndubakka 20, Reykjavík fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 17. desember 2012 að Flétturima 14 í Reykjavík haft í vörslum sínum í sölu og dreifingarskyni 55 kannabisplöntur, 1.336,15 g af kannabislaufum, 2.124,83 g af kannabisstönglum, 630,14 g af maríhúana-kannabis og hafa um nokkurt skeið fram til þessa dags ræktað greindar plöntur sem lögregla fann við leit ásamt kannabislaufum, stönglum og maríhúana.

Er talið að þetta varði við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og jafnframt er krafist upptöku á 55 kannabisplöntum ásamt 1.336,15 g af kannabislaufum, 2.124,83 g af kannabisstönglum og 630,14 g af maríhúana-kannabis samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 og þá er þess einnig krafist að 8 ljósalampar, 3 gróðurhúsátjöld og 2 loftsíur verði gert upptækt samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Ákærði viðurkennir að hafa haft fíkniefni samkvæmt ákæru í vörslum sínum miðvikudaginn 17. desember 2012, þó svo hann viti ekki magn fíkniefnanna. Hann neitar því að hafa verið með fíkniefnið í sölu og dreifingarskyni. Af hálfu verjanda ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu frá mánudeginum 17. desember 2012 bárust lögreglu þann dag kl. 20.00 upplýsingar um að ræktun kannabis færi hugsanlega fram að Flétturima 14, Reykjavík. Fóru lögreglumenn á staðinn. Samkvæmt skýrslunni fannst lykt af kannabis fyrir utan Flétturima og var farið að íbúð á 3ju hæð. Þar fyrir utan fannst mikil lykt af kannabis koma frá íbúðinni. Var íbúðin opnuð með aðstoð lásasmiðs. Kom þá í ljós ræktun í íbúðinni. Var tæknideild lögreglu kölluð til. Var vettvangur ljósmyndaður og eru myndir úr íbúðinni á meðal rannsóknargagna málsins. Fíkniefni og áhöld til ræktunar þeirra voru haldlögð í þágu rannsóknar málsins. Í frumskýrslu kemur fram að haft hafi verið samband við ákærða, sem komið hafi á vettvang. Hafi hann í framhaldi verið handtekinn í þágu rannsóknar málsins.

Samkvæmt munaskýrslu lögreglu um haldlagða muni var þennan dag lagt hald á lampa, tjöld og loftsiur sem notaðar voru við ræktunina. Þá var lagt hald á 55 plöntur á vettvangi. Var mesta hæð þeirra 104 cm en minnsta 7 cm. Samkvæmt skýrslu tæknideildar voru þrjú tjöld í íbúðinni, svonefnd ræktunartjöld, sem notuð voru við ræktunina. Einnig hafi verið í íbúðinni maríhúana í plastpokum, kannabislauf og kannabisstönglar. Samkvæmt efnaskýrslu lögreglu var lagt hald á 55 plöntur af kannabis. Af þeim voru 20 stykki á gólfi í stofu sem mældust á bilinu 60 til 104 cm, 13 stykki á gólfi í stofu sem mældust frá 50 til 60 cm að hæð og 22 stykki á gólfi í stofu sem mældust 7 til 10 cm. Þá var lagt hald á 630 g af maríhúana sem var á gólfi í eldhúsi, 1.336,15 g af kannabislaufum sem voru á gólfi í borðstofu og 2.124,83 g af kannabisstönglum á gólfi í borðstofu. Samkvæmt verkbeiðni tæknideildar voru plöntur sendar úr hverjum hæðarflokki plantna sem lagt var hald á.

Samkvæmt matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 21. janúar 2013 mældist úr fyrsta flokki plantna sem voru á bilinu 60 til 104 cm á hæð sýni sem var 185,85 g, en eftir þurrkun reyndist það 30,85 g. Reyndist sýnið vera kannabis og magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni 8,5 mg/g, sem samsvarar 1,4 mg/g í sýni fyrir þurrkun. Í flokki sýna sem reyndist vera á bilinu 50 til 60 cm á hæð reyndist sýnið vera 80,10 g, en eftir þurrkun 14,49 g. Magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni 8,8 mg/g, sem samsvarar 1,6 mg/g fyrir þurrkun. Í flokki sýna sem reyndist vera á bilinu 7 til 10 cm á hæð reyndist sýnið vera 2,38 g, en eftir þurrkun 0,75 g. Magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni 26 mg/g, sem samsvarar 8,2 mg/g fyrir þurrkun.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 18. desember 2012. Þá gaf hann skýrslu fyrir dómi. Ákærði kvaðst viðurkenna að hafa verið með umrædda ræktun. Hafi hann kynnt sér aðferð við ræktun á interntinu og í framhaldi komið sér upp búnaði. Ákærði hafi ekki verið í vinnu á þessum tíma heldur notið atvinnuleysisbóta. Ákærði kvaðst aðallega hafa ætlað að nota þessi fíkniefni sjálfur en á þessum tíma hafi hann reykt kannabis. Þá kvaðst hann hafa ætlað að gefa eitthvað af efnum. Í lögregluskýrslu er skráð að ákærði hafi svarað því til að hann hafi ætlað að gefa eitthvað af efnum í jólagjöf. Ákærði staðfesti fyrir dómi að hafa greint svo frá hjá lögreglu. Árangur úr ræktunninni hafi orðið rýr. Hafi komið í ljós að erfðara hafi verið að rækta kannabis en ákærði hafi talið. Hafi árangurinn því orðið næsta lítill. Bróðir ákærða hafi verið að aðstoða ákærða við að koma undir sig fótum á þessum

tíma og því verið skráður fyrir íbúðinni sem leigutaki.

Sævar Þór Sigmarsson lögreglumaður staðfesti þátt sinn í rannsókn málsins. Er lögreglukenn hafi komið inn í íbúðina hafi ræktunin komið í ljós. Um hafi verið að ræða „meðalstóra“ ræktun. Öll íbúðin hafi meira og minna verið undirlögð undir ræktunina, nema svefnherbergi er ákærði hafi sofið í. Guðmundur Páll Jónsson lögreglumaður staðfesti sömuleiðis þátt sinn í rannsókn málsins. Hafi Guðmundur Páll komið á staðinn. Ræktunin hafi verið talsvert stór og hún örugglega verið ætluð til dreifingar. Hildur Rún Björnsdóttir lögreglumaður staðfesti að hafa tekið skýrslu af ákærða 18. desember 2012. Athygli hafi vakið að ákærði hafi meðal annars lýst yfir að hann hafi ætlað að gefa hluta af ræktuninni sem jólagjafir.

Valþór Ásgrímsson verkefnisstjóri staðfesti matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Gerði hann nánar grein fyrir niðurstöðu úr mati.

#### *Niðurstaða:*

Ákærði játar sök að hluta til. Hefur hann játað vörslur fíkniefna samkvæmt ákæru. Hann neitar sök að því leyti að hann hafi ekki ætlað efnið til sölu og dreifingar. Þá kveðst hann ekki viss um magn fíkniefna á staðnum. Efni samkvæmt ákæru byggja á skýrslu tæknideildar lögreglu um haldlögð efni. Samkvæmt því var lagt hald á 55 kannabisplöntur, sem voru á misjöfnu stigi í ræktun. Ræktunin var ekki komin á endastöð þar sem þær plöntur sem lengst voru komnar voru ekki farnar að blómstra. Þá voru minnstu plönturnar stutt á veg komnar. Samkvæmt haldlagningarskýrslu var lagt hald á 1.336,15 g af kannabislaufum, 2.124,83 g af kannabisstönglum og 630,14 g af marihúana-kannabis. Með hliðsjón af haldlagningarskýrslu og skýrslu tæknideildar lögreglu er sannað að magn fíkniefna að Flétturima 14 var það er í ákæru greinir.

Standa þá eftir þær varnir ákærða að hann hafi ekki ætlað efnið til sölu og dreifingar. Samkvæmt myndum tæknideildar af vettvangi var ræktun þessi á engan hátt viðvaningsleg. Komið hafði verið upp sérstökum tjöldum til ræktunar með tilheyrandi loftræstikerfi, lömpum og öðrum búnaði. Var íbúðin nánast öll undirlögð undir ræktunina. Þá hefur ásetningur ákærða verið afdráttarlaus, en lögregla hafi stöðvað ræktunina áður en plöntur fóru að blómstra. Er ekki hægt að fallast á varnir ákærða um að ræktunin hafi verið misheppnuð og rýr. Matsgerð leiðir í ljós að um venjulega ræktun á kannabisplöntum hafi verið um að ræða, þar sem afraksturinn var efnið tetrahydrokannabinól, sem er ólöglegt fíkniefni. Er að mati dómsins hafið yfir allan vafa að ræktunin hafi verið umfram ætlaða neyslu ákærða sjálfs. Verður við það miðað að hún hafi verið ætluð í sölu og dreifingu. Samkvæmt því er sök ákærða sönnuð og verður hann sakfelldur samkvæmt ákæru. Er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í febrúar árið 1984. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði einu sinni gengist undir viðurlagaákvörðun og fimm sinnum undir sáttir vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Er síðasta sáttin frá 15. desember 2009. Þá hefur ákærði tvisvar sinnum verið dæmdur til greiðslu sektar fyrir fíkniefnalagabrot

og umferðarlagabrot. Með hliðsjón af umfangi brota ákærða, sakaferli hans og dómum Hæstaréttar í málum nr. 64/2010 og 752/2009 er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Ákærði hefur sex sinnum áður gengist undir sáttir eða verið dæmdur fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Með hliðsjón af því verður refsingin ekki bundin skilorði.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru upptækar gerðar til ríkissjóðs 55 kannabisplöntur, 1.336,15 g af kannabislaufum, 2.124,83 g af kannabisstönglum, 630,14 g af maríhúana-kannabis, 8 ljósalampar, 3 gróðurhúsatjöld og 2 loftsíur, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, svo sem í dómsorði er mælt fyrir um.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Sigfús Sturluson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Upptækar gerðar til ríkissjóðs 55 kannabisplöntur, 1.336,15 g af kannabislaufum, 2.124,83 g af kannabisstönglum, 630,14 g af maríhúana-kannabis, 8 ljósalampar, 3 gróðurhúsatjöld og 2 loftsíur, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði 471.351 krónu í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 251.000 krónur.

Símon Sigvaldason